



# Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7  
370 Búðardal  
www.gladur.is

Fundur í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs haldinn á Sunnubraut 7, 29. maí 2012

Mættir : Þórður, Guðbjörn, Viðar, Svala, Heiðrún Sandra og Gyða.

1. Rædd atriði af aðalfundi, að breyta lögum félagsins varðandi stjórnarkjör, Sigurður Jökulsson stakk þar uppá að stjórnin skipti með sér verkum, ef þessu á að breyta þá þarf stjórn að vinna að tillögu þess efnis og auglýsa það fyrir aðalfund. Stjórnin mun hugsa þetta mál hvort verður farið í.
2. Annað atriði af aðalfundi, hvort hægt sé að breyta í framtíðinni fyrirkomulagi vegna úrtöku, að hægt verði að fara hvert sem er með hross í úrtöku. Í lögum LH er talað um að félög haldi úrtökur. Til þess að breyta þessu þarf lagabreytingu hjá LH. Ákveðið að semja tillögu til LH til umræðu á landsþingi í haust.
3. Kynnt bréf frá Rúnari Jónassyni þar sem hann gerir athugasemdir við fundargerð aðalfundar Hestamannafélagsins Glaðs 11.04.2012. Rúnar gerir athugasemd við þriðja, fimmta og sjötta lið fundargerðar. Tillaga formanns er að fundargerð verði ekki breytt og sér stjórn ekki ástæðu til þess.
4. Á aðalfundi var kynnt hvort félagið vildi ganga í Hrossaræktarsamband Vesturlands. Glaður sendi inn óskir um inngöngu og var það samþykkt á aðalfundi HrossVest. Glaður þarf að tilnefna í kynbótanefnd þrjá aðila og hafa þeir fulltrúa á aðalfundi HrossVest með atkvæðisrétt fyrir hönd Glaðs. Kynbótanefnd er kjörin nú en síðan alltaf á aðalfundum. Uppástunga um Valberg sem formann ásamt Guðbirni og Styrmí í nefndina.
5. Haldinn var formannafundur formanna félaganna á Vesturlandi, þar mætti ásamt Þórði formanni Einar Jón Geirsson. Rætt úrtökumót 9. júní í Borgarnesi. Hestamannafélagið Skuggi vill halda mótið og taka skráningargjöld og auglýsingar, þeir borga dómurum og sjá um mótið en félögin skaffi starfsmenn. Tillaga um að Glaður sendi einn mann á tölvu. Formannafundur ræddi bikarmót Vesturlands síðsumars 25. ágúst, núna mun Snæfellingur halda mótið en Glaður árið 2013. Formannafundur ræddi stuðning við börn, unglinga og ungmenni fyrir stórmót. Skuggi er með Sigvalda Lárus og hann fylgir þeirra keppendum, ætla að ath. hvort hann getur sinnt hinum félögunum á Vesturlandi. Heiðrún Sandra mun tala við Sigvalda f.h Glaðs.
6. Varðandi landsmót: Heiðrún Sandra mun sjá um hópreið, stefnt að 11 manns þar. Glaður greiðir skráningargjöld á landsmót, ath. að aðstoða við aðstöðu fyrir hross á landsmóti. Fákur hefur auglýst að næg pláss séu fyrir hendi. Glaður má senda tvo fulltrúa til keppni í hvern flokk.
7. Sama dag og úrtakan fyrir landsmót er þann 9. júní er Silfurtúnsdagurinn og á vegum félagsins munu einhverjir koma með hesta og teyma undir börnum.
8. Varðandi félagsmót Glaðs þá þarf að ath. hvort gera þarf eitthvað fyrir völlinn, Guðbjörn og Viðar nunu skoða það. Það þarf að slá áhorfendabrekku og ath. hvort gera þarf við dómpall. Vinnudagur ákveðinn 7. júní. Seinna þarf svo að vinna meira við dómpall, festa hann varanlega niður og snúa þannig að langliðin með gluggunum snúi að velli. Fræðslunefnd athugi með reiðnámskeið fyrir félagsmót. Guðbjörn stakk uppá að mótanefnd beiti sér fyrir því að hafa ræktunarbúa sýningu að kveldi laugardagsins þegar mótið er. Félagið athugi hvort Leifsbúð eða Bjarg gæti haft opið frameftir á laugardagskvöldinu.
9. Athuga með að sækja um styrk frá Menntamálaráðuneytinu vegna framkvæmda í tengslum við íþróttastarf félagsins. Gyða og Svala athuga það.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Gyða Lúðvíksdóttir